

Jafnréttisstefna leikskólans Sólvalla, Seyðisfirði

Þessi jafnréttisstefna tekur mið af jafnréttisstefnu Seyðisfjarðarkaupstaðar, aðalnámskrá leikskóla og skólanámskrá leikskólans.

Markmið: Að stuðla að jafnrétti á sem víðtækustum grunni í leikskólanum.

Jafnréttisstefna nær til námskrár leikskólans Sólvalla, starfsmannastefnu leikskólans og Seyðisfjarðarkaupstaðar og samvinnu við foreldra.

Gengið er út frá eftirfarandi grundvallaratriðum:

1. Samvinna og jákvæð samskipti kynjanna er leið til jafnréttis
2. Stúlkur og drengir eiga sama rétt og hafa sömu skyldur
3. Karlar og konur eiga sama rétt og hafa sömu skyldur

Jafnréttisstefnan á við um börn, foreldra og starfsfólk og tekur til alls starfs í leikskólanum.

Börn og nám þeirra:

Í leikskólanum Sólvöllum

- skal mæta þörfum sérhvers barns óháð kyni. Tryggja ber að drengir og stúlkur hafi sama rétt, fái sama viðmót og njóti sömu hvatningar og örvunar til að taka þátt í öllum þeim viðfangsefnum sem leikskólinn býður upp á
- skal stuðla að vináttu, samleik og jákvæðum samskiptum stúlkna og drengja
- skal stuðlað að því viðhorfi að eðlilegt sé að bæði drengir og stúlkur leiki sér með allt leikefni og taki þátt í öllum leikjum
- skal unnið gegn þeirri tilhneigingu að skipta veröldinni upp í drengi/karla og stúlkur/konur
- skal leitast við að tryggja að börnin upplifi að bæði karlar og konur starfi í leikskólum og að bæði kyn vinni þar hin ýmsu verk
- skal leitast við að tala ókynbundið til barnanna. Varast ber að nota hugtök sem upphefja eða niðurlægja annað kynið.
- skal stuðlað að því að börn upplifi það eðlilegt að bæði kyn vinni hin ýmsu störf í samfélaginu og innan heimilanna
- skal þess gætt að að ýta ekki undir staðalímyndir og að jafnvægi sé á milli þeirra kynjafyrirmynda og hugmynda sem birtast í textum og bókum
- skal leitast við að hafa sem jafnasta kynjaskiptingu á deildum

Foreldrar

- skal gæta þess að beina samskiptum og orðum jafnt til feðra og mæðra, hvort sem þau eru í sambúð eða ekki.
- skulu feður og mæður hvött til að taka þátt í foreldrasamstarfi

Starfsmenn

Í leikskólanum Sólvöllum

- skal stuðlað að því að þar starfi karlar jafnt og konur og að verkaskipting sé ekki kynbundin.
- skulu auglýsingar eftir starfsfólki vera ókynbundnar.
- eru karlar í minnihluta og skulu þeir því ganga fyrir um ráðningar í störf séu umsækjendur jafnhæfir.
- er ætlast til þess að feður jafnt og mæður taki á sig fjarveru frá vinnu vegna eigin barna.
- skal verið á verði gagnvart því sem starfsmaður, karl eða kona getur skynjað sem kynferðislegt áreiti.
- skal temja sér orðfæri sem höfðar jafnt til beggja kynja.
- skal stuðlað að umræðum um jafnréttismál og unnið gegn því að litið sé á störf í leikskólunum sem kvennastörf.

Leikskólinn Sólvellir er kvennavinnustaður og fremur fátítt að karlar sækji um störf í skólanum. Karlar njóta þó jákvæðrar mismununar ef þeir eru í hópi umsækjenda og jafnhæfir og kvenumsækjandi.

Hjá Seyðisfjarðarkaupstað virðast eingöngu karlar vinna í Áhaldahúsi og þeir iðnaðarmenn sem koma í húsið eru undantekningarlítið karlar. Það eru því nær eingöngu karlar sem koma í leikskólann í viðhaldsverkefni ýmiss konar. Úr þessu þarf kaupstaðurinn að bæta.

Í meðfylgjandi aðgerðaáætlun er gert ráð fyrir að hún gildi skólaárið 2014-2015.

Mat og mæling á aðgerðaáætluninni fer fram við endurmat á skólastarfinu vorið 2015.

Seyðisfirði 1. september 2014

Jóhanna Thorsteinson

Starfskjör

Markmið (Hvað?)	Aðgerð (Hvernig?)	Ábyrgð (Hver?)	Tímarammi (Hvenær?)
Verkaskipting sé ekki kynbundin	Deildarstjórar skipti verkum jafnt milli karla og kvenna á deildum	Deildarstjórar	Vor 2015
Auglýsingar séu ekki kynbundnar	Leikskólastjóri orði auglýsingar um laus störf án kynjagreiningar	Leikskólastjóri	Vor 2015
Báðir foreldrar taki jafnt á sig fjarvistir vegna eigin barna	Deildarstjórar gangi eftir því við starfsmenn sína að þeir taki fjarvistir vegna eigin barna í samstarfi við hitt foreldrið	Leikskólastjóri	Vor 2015
Vera vakandi yfir mögulegu kynferðislegu áreiti	Starfsmenn koma á framfæri athugasemdum sínum til leikskólastjóra eða annars stjórnanda skólans ef þeir eru að upplifa áreiti af kynferðislegum toga	Allir starfsmenn, deildarstjórar, leikskólastjóri	Vorið 2015
Temja sér orðfæri sem höfðar til beggja kynja	Deildarstjórar og aðrir stjórnendur séu fyrirmyndir og taki umræðu um málið á deildarfundum og fagfundum	Deildarstjórar, leikskólastjóri	haust 14-vor15
Stuðlað að umræðum um jafnréttismál	Deildarstjórar og aðrir stjórnendur ræði jafnréttismál á deildarfundum/fagfundum	Allir stjórnendur-leikskólastjóri	Haust14-vor15
Unnið gegn því að störf í leikskólum séu kynbundin störf	Leikskólastjóri, deildarstjórar og starfsmenn leikskólans ræði störf sín út á við án kyngreiningar – kynni starfið sem eftirsótt fyrir jafnt karla sem konur	Allir starfsmenn - leikskólastjóri	Haust14-vor15

Menntun og skólastarf

Markmið (Hvað?)	Aðgerð (Hvernig?)	Ábyrgð (Hver?)	Tímarammi (Hvenær?)
Þörfum barna er mætt óháð kyni	Allir starfsmenn ganga jafnt í umönnunarstörf og alla þætti daglegrar umönnunar óháð kynferði barnanna	Deildarstjóri	Haust14-vor15
Stuðlað að jákvæðum samskiptum kynjanna	Starfsmenn eru góðar fyrirmyndir og hvetja til jákvæðra samskipta kynjanna, bæði innan starfmannahóps og barna	Leikskólastjóri – deildarstjórar	Haust14-vor15
Hvatt til samleikja með allan leikefnivið þvert á kynferði	Deildarstjórar og starfsmenn skrái leikjaval barnanna og fylgi þessu eftir markvisst	Deildarstjóri	Haust14-vor15
Starfsfólk temji sér hugtök sem ekki eru kynbundin	Leikskólastjóri og deildarstjórar temji sér orðaforða í samskiptum við aðra starfsmenn og börn sem ekki er kynbundinn	Leikskólastjóri deildarstjóri	Haust14-vor15
Börnin upplifi karla og konur í sömu störfum	Leikskólastjóri leitast við að ráða jafnt karla og konur í laus störf. Allir starfsmenn ganga jafnt til allra verka	Deildarstjórar	Vor 2015
Forðast að ýta undir staðalímyndir kynjanna	Leikskólastjóri, deildarstjórar og aðrir starfsmenn velji lesefni og annan efnivið til notkunar án þess að staðalímyndir séu styrktar	Deildarstjórar leikskólastjóri	Haust14-vor15
Leitast við að hafa sem jafnasta kynjaskiptingu á deildum	Leikskólastjóri leitist við að flytja börn á milli deilda þannig að kynjahlutfall sé sem jafnast eftir því sem hægt er að koma því við	Leikskólastjóri	Haust14-vor15

Samstarf við foreldra

Markmið (Hvað?)	Aðgerð (Hvernig?)	Ábyrgð (Hver?)	Tímarammi (Hvenær?)
Starfsmenn beini samskiptum sínum til beggja foreldra, hvort sem þeir eru í sambúð eða ekki	Deildarstjóri og leikskólastjóri sendi báðum foreldrum jafnt tölvupósta og bréf vegna samskipta við leikskólann	Deildarstjórar leikskólastjórar	Haust14-vor15
Báðir foreldrar skulu hvattir til að taka þátt í foreldrasamstarfi á vegum leikskólans	Deildarstjórar og leikskólastjórar bjóða báðum foreldrum að taka þátt í samstarfinu. Deildarstjórar gæti þess sérstaklega að feður geti haft aðkomu að leikskólastarfinu ekki síður en mæður.	Deildarstjórar leikskólastjórar	Haust14-vor15